

JÓN ÁRNASON OG GRÍSHILDUR GÓÐA

Um breytingar ritstjórans á frásögn konu af annarri konu

MARGIR ÍSLENDINGAR hafa lesið eða heyrt þjóðsöguna af Gríshildi góðu sem kom fyrst út á prenti árið 1864 í 2. bindi þjóðsagnasafns Jóns Árnasonar (1819–88).¹ Elsta heimildin um þjóðsöguna er þó líklega listi úr fórum séra Friðriks Eggerz (1802–94), prests í Dölunum, yfir ævintýri en þar er söguhetjan nefnd Hildur þolinmóða.² Sagan tilheyrir þeirri tegund þjóðsagna sem Ruth B. Bottigheimer kallar „rise fairy tales“ þar sem söguhetjan rís úr neðri stéttum upp í forréttindastétt³ og í tilfalli Gríshildar er hún verðlaunuð í sögulok fyrir þolinmæði sína gagnvart þeim þrautum sem á hana eru lagðar. Elsta þekkt frásögnin af persónunni er þó ekki í formi þjóðsögu þótt líklegt sé að þar hafi höfundurinn Giovanni Boccaccio (1313–75) unnið með sagnaminni sem hann þekkti fyrir. Í síðari tíma rannsóknum hefur þessi ákveðna samsetning þjóðsagnaminna enda fengið heitið „Griselda“ eftir aðalpersónu Boccaccios og númerið 887 í yfirlitsverkum um alþjóðlegar þjóðsagnagerðir.⁴

- 1 „Sagan af Gríshildi góðu,“ *Íslenzkar þjóðsögur og æfintýri. Safnað hefir Jón Árnason*. II, ritstj. Jón Árnason (Leipzig: J.C. Hinrichs, 1864), 414–17.
- 2 „Sagan af Hildi þolin móðu og þeirri sem helt á líósínu kongsins“ (Lbs 989 4to, 76r, sótt 4. ágúst 2022, <https://handrit.is/manuscript/view/is/Lbs04-0939/151?iabr=on#page/75v/mode/2up>). Það sem á eftir fer í handritinu er illlæsilegt og óljóst hvort eigi við sömu sögu eða aðra. (Einar Ól. Sveinsson, *Verzeichnis isländischer Märchenvarianten mit einer einleitenden Untersuchung* (Helsinki: Suomalainen Tiedeakatemia Academia Scientiarum Fennica, 1929), 133.
- 3 Ruth B. Bottigheimer, *Fairy Tales. A New History* (Albany, New York: State University of New York Press, 2009), 11–13.
- 4 Sjá t.d. Hans-Jörg Uther, *The Types of International Folktales. A Classification and Bibliography. Based on the System of Antti Aarne and Stith Thompson. Part I: Animal Tales, Tales of Magic, Religious Tales, and Realistic Tales, with an Introduction*, ritstj. Sabine Dinslage, Sigrid Fahrman, Christine Goldberg & Gudrun Schwibbe (Helsinki: Suomalainen Tiedeakatemia Academia Scientiarum Fennica, 2004), 511–12; Stith Thompson, *Motif-Index of Folk-Literature. A Classification of Narrative Elements in Folktales, Ballads, Myths, Fables, Mediaeval Romances, Exempla, Fabliaux, Jest-Books and Local Legends. Revised and Enlarged Edition. Volume Three. F-H* (Kaupmannahöfn: Rosenkilde & Bagger, 1956), 415; og

Söguna af Griseldu er að finna í *Tíðægru* (*Decamerone*) sem Boccaccio skrifaði á ítölsku um 1350. *Tíðægra* er rammafrásögn af tíu manns, sjö aðalskonum og þremur ungum herra mönnum, sem flýja pláguna 1348 í Flórens og fara í sjálfskipaða sóttkví á herrasetri. Þar skiptast þau á að segja hvert öðru sögur, tíu sögur á dag í tíu daga. Hundradasta sagan, og sú síðasta, fjallar um Gualtieri markgreifa í Saluzzo sem kvænist fátæku þorpsstúlkunni Griseldu og lætur svo reyna á fullkomna hlýðni hennar við sig, fyrst með því að láta hana halda að börn þeirra tvö hafi verið borin út, síðan með skilnaði og loks með því að fela henni umsjón brúðkaupsveislu fyrir hann og unga brúði hans af aðalsættum, sem reynist þá dóttir þeirra. Í *Tíðægru* er það Díoneó, spaugarinn í hópnum, sem segir söguna og út frá athugasemdum hans í frásögninni er lesandanum frjálst að túlka söguna sem hálfgerð grín og gagnrýni, bæði á grimmilega hegðun eiginmannsins og fullkomna auðsveipni Griseldu. Sú túlkun er aftur á móti ekki uppi á teningnum í þeirri gerð sögunnar sem í raun varð upphafið að vinsældum hennar í Evrópu.

Francesco Petrarca (1304–74), annar frumkvöðull húanismans og endurreisnarinnar, varð svo hugfanginn af sögunni hjá Boccaccio að hann þýddi hana og endurskrifaði á latínu árið 1373. Þar breytti hann nafni kvenpersónunnar í *Griseldis* og setti söguna fram sem allegoríu, táknsögu, þar sem hlýðni hennar við eiginmanninn væri hliðstæð hlýðni mannsins við Guð.⁵ Þannig dreifðist sagan vítt og breytt og til Íslands kom hún flókna leið, eins og Halldór Hermannsson fjallaði um í *The Story of Griselda in Iceland*,⁶ bæði gegnum skriflegar þýðingar úr dönsku⁷ en þó, að því er

sérstaklega um íslenskt samhengi þjóðsögunnar í skrá Einars Ól. Sveinssonar (*Verzeichnis isländischer Märchenvarianten*, 132–33).

- 5 Franciscus Petrarca, „Francisci Petrarce, Poete Laureati, de Insigni Obedientia et Fide Uxoribus ad Johannem Bocacium de Certaldo,” Ursula Hess, *Heinrich Steinböwels 'Griseldis'. Studien zur Text- und Überlieferungsgeschichte einer frühhumanistischen Prosanovelle* (München: C.H. Beck'sche Verlagsbuchhandlung, 1975), 238.
- 6 Halldór Hermannsson, *The Story of Griselda in Iceland*, *Islandica VII* (Ithaca: Cornell University Library, 1914).
- 7 Ítarlega grunnnumfjöllun um allar danskar gerðir sögunnar má finna í Richard Jakob Paulli, “Indledning. *Griseldis*,” *Helena, Griseldis, En Doctors Datter*, ritstj. J.P. Jacobsen, Jørgen Olrik og R. Paulli, *Danske Folkebøger VIII* (Kaupmannahöfn: Gyldendalske Boghandel – Nordisk Forlag, 1920), XXXI–LIX; Paulli, “Tekstkritik og Kommentar,” *Helena, Griseldis, En Doctors Datter*, 143–204; og Paulli, “Haandskriftbeskrivelse og Bibliografi,” *Helena, Griseldis, En Doctors Datter*, 205–50. Auk þess má benda á umfjöllun í Leif Søndergaard, „Folkebogens fascination – Griseldis gennem 400 år,” *Griseldis-temaet gennem tiden*, ritstj.

Halldór taldi, fyrst munnlega í lok 16. eða upphafi 17. aldar, líklega úr hol-lensku en þó hugsanlega úr frönsku.⁸ Sagan virðist hafa notið talsverðra vinsælda á landinu allt fram á 20. öldina, enda hafa rannsóknir⁹ sýnt fram

Leif Søndergaard, *Mindre Skrifter* Nr. 9 (Odense: Laboratorium for Folkesproglige Middelalderstudier, Odense Universitet, 1992), 41–60.

- 8 Halldór rökstuddi þetta fyrst og fremst með nafni markgreifans sem í elstu íslensku gerðunum er Gótýr, Gautýr eða Góvetýr, sbr. Gautier í hollensku og Gaultier í frönsku, en ekki Valtari eða Volter eins og þeim gerðum sem augljóslega eiga rætur í þýsk/dönsku gerðunum (Halldór, *The Story of Griselda in Iceland*, viii). Hubert Seelow benti þó á í yfirlitsverki sínu um íslenskar gerðir þýskra, og þá oft um leið danskra, *almúgabóka* (þ. Volksbücher, da. Folkebøger) að frekari samanburðarrannsókna á hollenskum gerðum og elstu íslensku gerðum sögunnar væri þörf til að staðfesta þessa ályktun (Hubert Seelow, *Die isländischen Übersetzungen der deutschen Volksbücher* (Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar, 1989), 121–22). Það er þó ekki efni þessarar greinar.
- 9 Halldór Hermannsson varð fyrstur til að rannsaka almennt íslenskar gerðir Gríshildar-sögunnar (Halldór, *The Story of Griselda in Iceland*, 1914) og þar fjallaði hann um ellefu gerðir sögunnar, þar á meðal þjóðsöguna eins og Jón Arnason hafði gefið hana út 1864 („Sagan af Gríshildi góðu,” *Íslenskar þjóðsögur og afintýri* II). Áður höfðu tvær þýskar þýðingar á þjóðsögunni verið gefnar út með fræðilegum athugasemdum. Annars vegar var um að ræða þýðingu Theodors Möbius, („Das isländische Märchen,” þýð. Theodor Möbius, Reinhold Köhler, „Die Griseldis-Novelle als Volksmärchen,” *Archiv für Literaturgeschichte* I, ritstj. Richard Gosche (Leipzig: B.G. Teubner, 1870), 420–24) sem birtist í grein Reinholds Köhlers þegar árið 1870 (Reinhold Köhler, „Die Griseldis-Novelle als Volksmärchen“ *Archiv für Literaturgeschichte* I, 409–27. Grein Köhlers ásamt þýðingu Möbius var endurútgefin árið 1900 í *Kleinere Schriften von Reinhold Köhler* II, ritstj. Johannes Bolte (Weimar: E. Felber, 1900), 534–55 (þýðingin á bls. 546–50) og tekin til umfjöllunar hjá Adeline Ritterhaus (Ritterhaus, *Die neuisländischen Volksmärchen. Ein Beitrag zur vergleichenden Märchenforschung* (Halle: [Niemeyer], 1902), 231–32). Hins vegar var það þýðing og inngangur Heinrichs von Lenk (Heinrich von Lenk zu Burgheim und Gansheim (ritstj.), *Griseldis auf Island* ([Vínarborg]: [Án útgefanda], [1900 eða 1901])).

Á síðustu öld hefur smám saman bæst við niðurstöður Halldórs. Árið 1953 birti Margaret Schlauch stutta grein þar sem hún kynnti til sögunnar lausamálsgerð varðveitta í tveimur handritum í Konunglega bókasafninu í Stokkhólmi (Margaret Schlauch, „Griselda in Iceland: A Supplement,” *Speculum. A Journal of Medieval Studies* XXVIII (1953): 363–70). Stuttu síðar, árið 1958 kom svo önnur gerð þjóðsögunnar út („Sagan af Gríshildi góðu,” Íslenskar þjóðsögur og ævintýri V, safnað af Jóni Árnasyni, ritstj. Árni Böðvarsson & Bjarni Vilhjálmsson (Reykjavík: Bókautgáfan Þjóðsaga & Prentsmiðjan Hólar, 1958), 28–29), og er hún annað aðalumfjöllunarefnið í þessari grein.

Árið 1989 birti Hubert Seelow næstu stóru rannsóknina á Gríshildarsögunni á Íslandi, þar sem hann benti á þrjár áður óþekktar lausamálsgerðir (Hubert Seelow, *Die isländischen Übersetzungen der deutschen Volksbücher*, 117–32). Rannsóknir greinarhöfundar fyrir Cand. Mag.-verkefni frá Kaupmannahafnarháskóla (Reynir Þór (Tór) Eggertsson, *Mátte jeg dø for dig, mit unge blod! En transmissionsteoretisk undersøgelse af Griseldis i danske og islandske overleveringer*. Cand.Mag.-ritgerð, Kaupmannahafnarháskóli, 2004) afhjúpuðu loks tvennar rímur, annars vegar *Rímur séra Jóns Hjaltalíns um Valtir/Waltara bertoga og Gressilú frá 1816*, og hins vegar *Frásöguna Raunir Gríshildar (þolinmóðu)* frá 1890, eftir Andrés

á tilvist átján íslenskra gerða, í bundnu máli og lausu, sem varðveittar eru í 52 handritum,¹⁰ fyrir utan ritstýrðar prentaðar gerðir upp úr handritum.¹¹ Hér¹² verður sjónum beint að tveimur þessara átján gerða, þjóðsögum sem gefnar voru út 1864 og 1958, innbyrðis tengsl og mismunur þeirra á milli rannsökuð, bæði í ljósi kenninga um þjóðsögur almennt og einstaka sagnamenn, og grein gerð fyrir áhrifum þeirra á síðari verk.

Þjóðsögurnar tvær – eða var hún bara ein?

Við fyrstu sýn virðist þjóðsagnasafn Jóns Árnasonar sem gefið var út 1954–61 innihalda tvær þjóðsögur um Gríshildi góðu. Sú fyrri var, eins og áður sagði, fyrst gefin út árið 1864 en hin síðari ekki fyrr en safnið var gefið út að nýju, og þá í 5. bindi árið 1958. Halldór Hermannsson þekkti aðeins til þeirrar þjóðsögu sem birtist 1864 og allar niðurstöður hans um hana, þróun og tengsl við aðrar gerðir Gríshildarsögunnar verður að skoða í því ljósi. Hubert Seelow hefur enda benti á að samhengið sé öllu flóknara.¹³

Jón Árnason vann útgáfu sína 1864 út frá frásögn sem talið er að Ragnhildur Guðmundsdóttir (1836/7–1921) hafi skrifað niður.¹⁴ Hann

Hákonarson. Finnur Sigmundsson hafði reyndar áður nefnt tilvist þeirra síðari en að varðveislun væri óþekkt (Finnur Sigmundsson, *Rímnatal I* (Reykjavík: Rímnafélagið, 1966), 177, og *Rímnatal II* (Reykjavík: Rímnafélagið, 1966), 8). Rannsókn greinarhöfundar leiddi í ljós að rímurnar eru varðveittar í einu handriti, uppskrift eftir eiginhandarriti skáldsins, sem byggði verkið á þjóðsögunni frá 1864.

Nítjándi gerðin er hugsanlega til en skv. Finni á Gunnar Ólafsson að hafa kveðið um Gríshildi en þær rímur virðast, að minnsta kosti hingað til, ekki hafa varðveist (Finnur, *Rímnatal I*, 177).

- 10 Þjóðsagnahandrit Jóns Árnasonar, Lbs 533 4to, inniheldur þær tvær gerðir sem fjallað verður um í þessari grein, frásögn Ragnhildar Guðmundsdóttur (á blöðum 176r–78r) og uppkast Jóns Árnasonar fyrir útgáfuna (220r–23r) þannig að handritatextarnir um Gríshildi eru í raun 53.
- 11 Hér á ég við þjóðsagnagerðirnar tvær, prentaðar fyrst 1864 og 1958 og endurprentaðar nokkrum sinnum, rímur Magnúsar Jónssonar á Laugum, prentaðar 1910 (Magnús Jónsson, *Rímur af Gríshildi góðu: eptir gömlu handriti* (Reykjavík: Skúli Thoroddssen, 1910)), fjórar gerðir sem Halldór birti auk þjóðsögunnar í *The Story of Griselda in Iceland* (1914) og frásögnina sem Margaret Schlauch birti árið 1953. Að auki má nefna óútgefnar rafrænar uppskriftir greinarhöfundar úr handritum sem sumar fylgdu Cand.Mag.-ritgerð hans í fylgiskjólum.
- 12 Greinin byggir að hluta til á Cand.Mag.-ritgerð greinarhöfundar, 'Mátte jeg dø for dig, mit unge blod!' *En transmissionsteoretisk undersøgelse af Griseldis i danske og islandske overleveringer*, frá 2004, en þó fremur á síðari rannsóknunum.
- 13 Seelow, *Die isländischen Übersetzungen der deutschen Volksbücher*, 124–25.
- 14 Sjá Lbs 533 4to, blöð 176r–78r. Eins og Aðalheiður Guðmundsdóttir („Karlar og kerlingar:

gerði þó ýmsar breytingar á frásögninni og lengdi hana talsvert, eins og sést af uppkastinu sem hann skrifaði fyrir útgáfuna.¹⁵ Í raun bjó hann til nýja gerð sem svo hafði áhrif út frá sér, t.a.m. á rímnaskaldið Andrés Hákonarson á Hóli í Önundarfirði (1817–97) sem orti *Frásöguna Raunir Gríshildar (þolinmóðu)* árið 1890 eftir þjóðsögugerð Jóns. Sú gerð sem Árni Böðvarsson og Bjarni Vilhjálmsson gáfu út 1958 byggir aftur á móti beinlínis á texta Ragnhildar eins og hann er í handritinu. Ég tel rétt að líta á handritstexta Ragnhildar sem *frumtexta* þjóðsögunnar, að svo miklu leyti sem hægt er að nota það orð, og gerð Jóns sem síðari tíma breyttan texta, þótt hann hafi fyrr komið út á prenti, og mun ég því fjalla um textana í þeirri röð.

Frásögn Ragnhildar Guðmundsdóttur

Ragnhildur Guðmundsdóttir er talin skrásetjari¹⁶ sögunnar í sagnakveri því „úr Dölunum“, sem nú er varðveitt sem bls. 315–96 (bl. 161r–201v) í þjóðsagnahandritinu Lbs 533 4to, og hugsanlega var hún sjálf heimildar- maður sumra eða allra þeirra sagna sem raktar eru til hennar í safni Jóns Árnasonar.¹⁷ Hvort það var í raun Ragnhildur sem skræði Gríshildarsöguna og hvort það var eftir eigin minni eða frásögn einhvers annars skiptir þó kannske ekki öllu máli fyrir þessa rannsókn heldur hitt, að þar birtist sagan í ákveðinni mynd þar sem viðhorf sagnamanns og/eða skrásetjara koma

Um heimildarmenn ævintýra og tengslanet Jóns Árnasonar.“ *Kreddur: vefrit um þjóðfræði*, 2013: 10–11) hefur bent á eru engar upplýsingar í handritinu um uppruna frásagnarinnar en í útgáfu Jóns er hún rakin til Ragnhildar, og sagan nefnd í upptalningu á sögum sem Ragnhildur kann (Árni Böðvarsson og Bjarni Vilhjálmsson, „Skýringar og athugasemdir“, *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri. Safnað hefur Jón Árnason II*, ritstj. Árni Böðvarsson og Bjarni Vilhjálmsson (Reykjavík: Bókaútgáfan Þjóðsaga & Prentsmiðjan Hólar, 1954), 579, sjá einnig athugasemdir Árna og Bjarna við skrifara handritsins Lbs 533 4to, „líklega Ragnhildur Guðmundsdóttir, síðast í Keflavík (315–96)“ í lokabindi safnsins (Árni Böðvarsson og Bjarni Vilhjálmsson, „Handrit og heimildarmenn“, *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri. Safnað hefur Jón Árnason VI*, ritstj. Árni Böðvarsson og Bjarni Vilhjálmsson (Reykjavík: Bókaútgáfan Þjóðsaga & Prentsmiðjan Hólar, 1961), 54).

15 Uppkast Jóns er að finna í sama handriti, Lbs 533 4to, á blöðum 220r–23r.

16 Í umsögn um handritið á vefnum *Handrit.is* („Lbs 533 4to“, *Handrit.is*, skrásetjari Sigríður H. Jörundsdóttir, sótt 21. janúar 2022 <https://handrit.is/en/manuscript/view/is/Lbs04-0533>) er skrásetjari þjóðsögunnar sagður Finnur Þorsteinsson (f. 1818) en það stenst ekki samanburð á rithönd þessara texta við aðra sem vitað er með vissu að hann hafi skrifað.

17 Aðalheiður, „Karlar og kerlingar: Um heimildarmenn ævintýra og tengslanet Jóns Árnasonar,“ 10–12.

fram¹⁸ og til verður nýtt samhengi, bæði við aðrar gerðir Griseldusögunnar og íslenskan sagnaarf.

Frásögn Ragnhildar hefst á orðunum: „Kóngur er nefndur Artus.“ Þannig er sagan strax tengd sagnahefðinni um Artúr konung og riddara hans, en hann er oft kallaður Artus í íslenskum fornsögum. Í þjóðsagnasafni Jóns Árnasonar er að finna sögu sem virðist eiga rætur í þeirri sagnahefð, „Söguna af Artus konungi grimma“.¹⁹

Eftir upphafskynninguna eru ástæður hjúskaparstöðu kóngsins, sem er ókvæntur, útskýrðar með þessum orðum:

Hann var ætíð seinn á sér og vildi draga alla hluti sem lengst því hann var ætíð tvísýnn og óafgjörðu[r].²⁰

Þessi óákveðni kóngsins er í talsverðri mótsögn við þá mynd sem birtist í *Tíðagru* Boccaccios í íslenskri þýðingu Erlings E. Halldórssonar. Þar segir sögumaðurinn Dioneó að ástæður eiginkonuleysis markgreifans séu einfaldlega þær að

[a]ldrei datt honum í hug að kvænast eða koma upp fjölskyldu

enda

eyddi [hann] tíma sínum mestanpart við að veiða, bæði fugla og spendýr.²¹

Má segja að markgreifinn hjá Boccaccio lifi áhyggjulausu lífi þess unga aðalsmanns sem hann er en hann er kynntur til sögunnar sem „un giovane“²² (ungur maður).²³ Í þjóðsögu Ragnhildar er kóngurinn aftur á móti nokkuð roskinn:

18 Sjá umfjöllun Rósu Þorsteinsdóttur um rannsóknir á rússnesku sagnafólki (Rósa Þorsteinsdóttir, *Sagan upp á hvern mann. Átta íslenskir sagnamenn og ævintýrin þeirra* (Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, 2011), 31–32).

19 „Sagan af Artus konungi grimma“, *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri* V, 254–57.

20 „Sagan af Grishildi góðu“, *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri* V, 28. Ég vitna hér í prentuðu útgáfuna sem er nákvæm uppskrift handritsins.

21 Giovanni Boccaccio, *Tíðagra*, þýð. Erlingur E. Halldórsson (Reykjavík: Mál og menning, 1999), 686.

22 Giovanni Boccaccio, „Griselda“, *Letterature italiana*, [1350], sótt 22. janúar 2022, <https://letteritaliana.weebly.com/griselda.html>.

23 Í íslensku *Tíðagru*þýðingunni er ekki minnst á aldur hans (Boccaccio, *Tíðagra*, 686). Þýðingin hér að ofan, eins og allar þýðingar á tilvitnunum úr öðrum tungumálum eru greinarhöfundar, nema annað sé tekið fram.

Var hann nú orðinn sextugur að aldri²⁴

sem þýðir að hann hlýtur að vera um áttætt í sögulok,²⁵ þótt ekki sé minnst aftur á aldur hans í þjóðsögunni. Það rímar við kenningar Max Lüthi um að hetjur þjóðsagna eldist ekki og að þjóðsögur skorti raunverulega tímavidd, þótt ákveðinn árafjöldi geti liðið eins og í *Þyrnirós*²⁶ og börn geti orðið fullorðin, eins og gerist hér í þjóðsögunni um Gríshildi góðu.

Hár aldur kóngsins hér er að auki í anda riddarasögugerðar sem Halldór Hermannsson gaf út 1914 þar sem hann er

á sjötugasta ári síns aldurs, þá saga þessi byrjaðist.²⁷

Þótt um tíu ára aldursmunur sé á kónginum í þjóðsögunni og riddarasögunni hljóta báðir að teljast gamlir í þjóðsagnaskilningi og hugsanlegt að þær byggi á sama grunni.

Í sögu Ragnhildar er biðilsför kóngsins lýst svo:

Einn dag lét hann söðla handa sér hest sinn og annan með kvenreiðtygjum svo dýrðlegan sem hugsast mátti ... [og] hesta handa tólf sveinum og tólf meyjum ... [og h]onum fylgdu þrjátíu hermenn. (28)

Hér vekur talan tólf athygli en hún er nokkuð algeng í þjóðsögum, sér í lagi þegar kemur að hópastærð²⁸ auk þess sem lærisveinar Jesú Krists voru jú tólf.

Stuttlega er nefnt að meyjarnar hugsu „hver fyrir sig hver mesta fegurð bæri til að brúka fallega hestinn“ en ekki er minnst á vonbrigði þeirra þegar ljóst er að engin þeirra fær að ríða honum. Í „kotbæ einum“ finnur kóngur Gríshildi, dóttur fátæks svínahirðis, sem

átti á daginn að hirða svín föður síns og þann litla kotbæ með öllu því er gjöra þurfti, því faðir hennar lá í kör og móðir hennar var vesöl líka.²⁹

24 „Sagan af Gríshildi góðu,“ *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri* V, 28.

25 Miðað við að hún fæðir fyrsta barn þeirra ári eftir brúðkaupið og svo tvö önnur, hvert á eftir öðru, og eftir skilnaðinn líða svo 16 ár áður en fjölskyldan er sameinuð.

26 Max Lüthi, *The European Folktale: form and nature*, þýð. John D. Niles (Bloomington og Indianapolis: Indiana University Press), 19.

27 „Sagan af Gríshildi góðu,“ Halldór, *The Story of Griselda in Iceland*, 24.

28 „Sagan af Gríshildi góðu,“ *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri* V, 28. 29 Lüthi, *The European Folktale*, 32–33.

29 „Sagan af Gríshildi góðu,“ *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri* V, 28.

Í hefðbundnum Griseldusögum utan Íslands er móðir hennar ekki nefnd til sögunnar og þegar markgreifinn biður um hönd Griseldu eru viðbrögð föðurins við bónorðinu oftast undrun og hræðsla, þótt svarið sé iðulega jákvætt.³⁰ Hér í þjóðsögunni bregst svínahirðirinn aftur á móti fremur illa við, telur bónorðið „spott“ en kerling svarar að það sé „þó virðingar-skarnið!“

Karl og kóngur kýta um hrið og segist

kóngur þá eiga so mikið ráð að hann tæki dóttur þeirra ef hann ætlaði sér,

og þegar Gríshildur kemur inn,

tók Artus hana á kné sér og kyssti hana. (28)

Karlinn bregst ókvæða við og ekki batnar það þegar dóttirin, sem hann telur „einka-ellistoð“ sína, er færð „í fagran skruða“ og kynnt fyrir föru-neyti kóns.

Enn eitt atriðið í frásögn Ragnhildar sem sker sig úr í samanburði við Griselduhefðina er lýsingin á viðbrögðum hirðarinnar við þessari upphefð Gríshildar: „var fúll svipur yfir allri fylgdinni.“ Þessi óánægja fær þó ekki frekari umfjöllun í frásögninni en þegar kóngur rekur Gríshildi aftur heim

sagði karlinn faðir hennar að sona hefði þetta legið í huga sínum.

30 Boccaccio nefnir viðbrögð hans ekki (Boccaccio, *Tidagra*, 688), hjá Petrarcha er gamli maðurinn „stupefactus“ (undrandi) og „obriguit (stjarfur), en svarar „[n]ichil ... atu velle debeo aut nolle, nisi quod placitum tibi sit, qui dominus meus es“ (ekkert ætti ég að vilja og engu hafna, nema sé það þinn vilji, þú sem ert minn herra, Petrarcha, „Francisci Petrarce, Poete Laureati, de Insigni Obedientia et Fide Uxoris ad Johannem Bocacium de Certaldo,“ 192), og í dönsku almúgabókinni frá 1592 eru viðbrögðin svipuð og hjá Petrarcha: „Den fattige gamle Mand forskrack / hand bleff saa forfærit at hand i lang tiid icke kunde suare / Dog paa det siste met stor suck oc retzle suarede hand til disse ord oc sagde: Herre / aldrig skal ieg andet ville end du vilt / oc dig behager / Helst fordi / du est min alder kærteste Herre“ (gamli fátæki maðurinn varð hræddur, hann varð svo dauðskelkaður að hann gat ekki svarað í langan tíma. Þó að lokum svaraði hann þessum orðum með þungu andvarpi og hræðslu og sagði: Herra, aldrei mun ég annað vilja en þú vilt og þér hentar, mest þar sem þú ert minn allra kærasti herra, *Griseldis. Tuende deylige oc Nyttelige Historier at læse. Den Første om Griseldis. Den Anden om en Docters Daatter aff Bononia / Aff huilcke Historier alle ærlige Quinder maa begribe gode lærdom / oc besynderlige at haffue gaat taalmodighed* (Lübeck: Affwerus Krøger, 1592), 6r, sótt 4. ágúst 2022, <https://archive.org/details/den-kbd-pil-130018148987-001/page/n20/mode/2up>).

Ári eftir brúðkaupið byrjar Artus kóngur að sannreyna hlýðni Gríshildar sem hann hefur þó aldrei krafist hér í þjóðsögunni. Hún færir fyrst mjög frítt meybarn

og er það lá í reifum í kjöltu hennar kom einn konungsþjón og tók barnið og sýndist henni hann drepa það og í burtu fara.

Síðar færir hún tvö sveinbörn „og sami maður tók öll.“³¹ Gríshildur eignast sem sé þrjú börn í stað tveggja hjá Boccaccio og Petrarca. Eins og Axel Olrik benti á er þrítekningin eitt af lögmálum þjóðsagna,³² og því ekki óeðlilegt að Gríshildur eignist hér þrjú börn.

Samkvæmt Griselduhefðinni eru viðbrögð persónunnar við barnsmissinum ætíð þau sömu, hún sýnir engin svipbrigði en biður þess að þau verði ekki „að fæðu fyrir dýr eða fugla“.³³ Í þjóðsögu Ragnhildar eru viðbrögð hennar á annan hátt, eins og kemur fram í svari þjónsins þegar Artus spurði „hvurnin hún bæri sig við barnamissirinn“:

í fyrsta sinn hefði hún brugðið litum, orðið eldrjóð við annað, en grátið sárt við það þriðja.³⁴

Gríshildur Ragnhildar sýnir sem sé alltaf sorgarviðbrögð og þau verða meiri eftir því sem missirinn eykst. Þetta er í samræmi við kenningu Olriks um „stigende række“ (stigmögnun) sem einnig er nátengd þrítekningarlögmálinu:

Når folkedigtningen har sådan forkærlighed for gentagelsen, synes det navnlig at have sin årsag i at den mangler midler til at udmale den enkelte situation tilstrækkelig fyldig; kun gennem gentagelsen når den til at give en forestilling om hvor væsentligt et moment det pågældende er.³⁵

(Dálæti munnmælaskáldskapar á endurtekningunni virðist eiga rætur í því að hann skorti áhöld til að lýsa einstökum atburði fyllilega;

31 Sama rit, 28..

32 Axel Olrik, „Episke love i folkedigtningen“, *Danske studier*, 1908, 81.

33 Boccaccio, *Tidægra*, 689–90.

34 „Sagan af Gríshildi góðu“, *Íslenzkar þjóðsögur og avintýri* V, 28.

35 Olrik, „Episke love i folkedigtningen“, 82–83.

einungis með endurtekningu næst að skapa mynd af því hversu afgerandi atburðurinn er).

Kóngur hættir þó ekki prófunum, heldur lætur sem hann viti ekkert um hvarf barnanna og spyr Gríshildi hvar þau séu, og þegar

hún féll honum um háls og kyssti fætur hans og sagði að hans bezt þénari hefði fyrir sínum augum myrt þau og burtu farið [...]agði Artus að hún kæmi ekki oftar fyrir sín augu.³⁶

Þetta er talsvert öðruvísi³⁷ en hjá Boccaccio þar sem skilnaðurinn er fyrst „mörgum árum“ eftir fæðingu dótturinnar og ekki refsing fyrir dauða barnanna, heldur segist markgreifinn þar ætla að giftast annarri eiginkonu, „miklu samboðnari“ sinni stétt.³⁸ Út frá kenningu Lüthis um tímaleysi í þjóðsögum³⁹ skiptir þó í raun engu máli fyrir frásögnina hvort skilnaðurinn verði rétt eftir barnamissinn eða rétt fyrir endurkomu barnanna, heldur er það einungis röð atburðanna sem þarf að vera rétt.

Sextán⁴⁰ árum eftir skilnaðinn í þjóðsögu Ragnhildar „gerir Artus ströng boð til Gríshildar“, hann ætli að kvænast kóngsdóttur og hún skuli þjóna honum og brúði hans „til sængur og komst hún ekki undan þessu.“

Tötrum klædd heldur Gríshildur til hallar og þegar brúðhjónin ganga til sængur

36 „Sagan af Gríshildi góðu,“ *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri* V, 28–29.

37 Fleiri íslenskar gerðir hafa skilnaðinn strax eftir sonarmissinn, t.d. rímur Eggerts Jónssonar (1. ríma, vísur 61–67, sjá Eggert, *Tvær Ríjmur af Grísjillá*, í handritinu AM 132 I 8vo, bl. 4r–v).

38 Boccaccio, *Tidægra*, 690–91.

39 Lüthi, *The European Folktale*, 19.

40 Í latnesku gerð Petrarca líða tólf ár frá fæðingu dótturinnar að skilnaðinum (Petrarca, „Francisci Petrarce, Poete Laureati, de Insigni Obedientia et Fide Uxoris ad Johannem Bocacium de Certaldo,“ 208), og þannig er það í þýskri þýðingu Steinhöwels (Heinrich Steinhöwel, „Griseldis,“ Ursula Hess, *Heinrich Steinhöwels 'Griseldis'*, 209) og flestum dönsku almúgabókunum (t.d. *Griseldis*, 1592, 13v, sótt 4. ágúst 2022, <https://archive.org/details/den-kbd-pil-130018148987-001/page/n36/mode/2up>). Talan sextán virðist þó upprunnin í danskri útgáfu sögunnar frá síðari hluta 18. aldar (t.d. *Historie om en fattig Bondedaatter, navnlig Griselde, fra en liden Bye i Valland, som Herr Marggrev Volter tog til Ægte, og hvorledes hun af ham maatte udstaae mange store og haarde Fristelser, hvilke hun dog alle med største Taalmodighbed overvandt* [án ártals]: 17). Sjö varðveittar danskar útgáfur innihalda töluna sextán, fimm án ártals, og svo tvær frá annars vegar 1799 og hins vegar 1819.

vill Artus ekki annað ljós hafa en Gríshildur haldi á litlum stubbi sem rétt sé dauður.

Hún horfir á kóng, mjög stirðan, fara upp í og þegar hann segir að ljósið sé að deyja

er sagt að kviknað hafi á gómum hennar og hún hafi þá sagt: „Sárt brenna fingurnir, en sárara brennur hjartað.“⁴¹

Þessi orð Gríshildar sem hún segir hér óspurð er, að því er greinarhöfundur veit, hvergi að finna í Gríseldufrásögnum, íslenskum eða evrópskum, annars staðar en í þjóðsögu Ragnhildar og í kjölfarið ögn umorðuð í útgáfu Jóns og svo rímum Andrésar. Betur verður vikið að þeim og senunni í heild sinni í sérkafla síðar í greininni.

Kóngur svarar þessum orðum Gríshildar:

„Ég er nú að sýna góðlyndi og þolinmæði þína. Þetta er þín og mín eigin dóttir.“

Þessi orð kóns má skilja sem hann sjálfur þekki – og hafi jafnvel alltaf þekkt – góðlyndi hennar og þolinmæði, og að raunir hennar séu einungis til að sýna öðrum – og hugsanlega henni sjálfri – fram á að hún hafi þessar dyggðir til að bera, en eins og áður sagði krafðist hann aldrei að Gríshildur sýndi honum fulla hlýðni, eins og í hefðbundnum Gríseldusögum.

Synir þeirra, sem ásamt dótturinni „voru alin upp í öðru landi“, eru líka komnir til hallarinnar og „verður nú gleði mikil“ og sagði kóngurinn:

„Hvur mundi þetta hafa getað? Og gef ég henni nú það nafn að hún heiti Gríshildur góða.“⁴²

Það er því kóngurinn sem ákveður viðurnefni konu sinnar.

Eins og sést er frásögn Ragnhildar stutt og án mikilla málalenginga, Artus kóngur er óákveðinn persónuleiki, þrátt fyrir nokkuð háan aldur sinn, en tekur svo af skarið eftir ítrekaða áeggjan ráðgjafa sinna. Hann tekur Gríshildi fyrir eiginkonu þvert gegn vilja föður hennar, eignast með

41 „Sagan af Gríshildi góðu,“ *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri* V, 29.

42 Sama rit.

henni þrjú börn sem öll eru tekin af henni, refsar henni með skilnaði en sækir hana svo aftur sextán árum síðar til að reyna hollustu hennar í síðasta sinni. Þrátt fyrir að sýna miklar tilfinningar, samanborið við hina hefðbundnu Giletu-persónu, stenst Gríshildur öll próf og fær viðurnefnið *góða* en ekki þolinmóða, eins og hefð er fyrir. Snúum okkur þá að gerð Jóns Árnasonar og þeim breytingum sem hann gerði á frásögn Ragnhildar fyrir útgáfuna 1864.

Ritstýrð útgáfa Jóns Árnasonar og breytingar hans

Þýski háskólaprófessorinn Konrad Maurer (1823–1902) var einn ötulasti bakhjarl Jóns Árnasonar og þjóðsagnaútgáfu hans og kom meðal annars á samningum við útgefendurnar í Leipzig. Í aðdraganda útgáfunnar skrifuðust þeir reglulega á og í bréfum Jóns koma fram ýmsar vangaveltur um útgáfumálin. Í einu bréfi, frá 17. september 1859, veltir hann fyrir sér hvort og hvernig skyldi gefa frásagnirnar út þannig að þær kæmu til að mynda ekki illa við eftirlifandi ættingja sögupersóna eða móðguðu heimildarmenn og að þar gæti verið erfitt „að synda laglega milli skers og báru“. Í því samhengi nefnir hann hvernig söguefnið er kynnt í sænsku þjóðsagnasafni, danskri þýðingu Grimmsævintýra og enskri þýðingu á ýmsum sögum úr sænsku, dönsku og þýsku.⁴³

Af orðum Jóns í bréfinu má ætla að hann hafi viljað sýna fólki nærgætni en að sama skapi gerði hann sér ljóst að hann gæti og mætti laga það til sem honum þætti nauðsynlegt. Með samanburði á frásögn sagnakonunnar og skrásetjarans Ragnhildar og útgefnum texta ritstjórans Jóns á Gríshildarsögunni næst þannig fram mynd af þeim breytingum sem hann gerði. Gegnum greiningu og túlkun á þessum breytingum afhjúpast svo annars vegar viðhorf einstaklingsins Jóns, og hugsanlega samtíma hans, og hins vegar endurspeglar breytingarnar þekkingu ritstjórans á íslenskum og evrópskum bókmennta- og sagnaarfi. Á sama tíma myndast með ritstýrðri útgáfu Jóns á frásögn Ragnhildar enn nýtt sagnasamhengi. Það sést þegar í upphafi sögunnar sem Jón lætur hefjast svo:

Einu sinni var kóngur í ríki sínu og átti hvorki konu né börn.⁴⁴

43 Jón Árnason, *Úr fótum Jóns Árnasonar. Sendibréf. Fyrri bindi*, ritstj. Finnur Sigmundsson (Reykjavík: Hlaðbúð, 1950), 142.

44 „Sagan af Gríshildi góðu,“ *Íslenskar þjóðsögur og afintýri* II, 415.

Hér er kóngurinn nafnlaus og aldur hans er ekki nefndur. Ástæður þess að Jón velur að fjarlægja nafn kóningsins eru ókunnar en leiða má líkum að því að hann hafi ekki viljað tengja söguna sagnahefðinni um Artúr konung. Með þessu nafnleysi kóningsins og upphafsfrasanum sem fjölmörg ævintýri í safni Jóns hefjast á „einu sinni var kóngur í ríki sínu“, verður frásögnin auk þess líkari hefðbundnum ævintýrum.

Eyðir kóngur jafnan umræðum vildarmanna sinna um „að hann ætti eingan réttborinn ríkis erfingja“ en Jón útskýrir ekki áhugaleysi hans á hjónabandi. Sá dagur rennur þó upp að hann lætur

söðla tuttugu hesta, tíu handa karlmönnum og tíu handa konum,

Útgáfa Jóns á þjóðsögunni kom út 1864, eða rúmum fjörtíu árum áður en Axel Olrik gaf út grein sína um lögmál þjóðsagna, „Episke love i folkedigtningen“ (1908). Því væri erfitt að halda því fram að Jón hafi meðvitað brotið lögmál sem síðari tíma fræðimaður sýndi fram á. Jón gerir þó ákveðnar breytingar á þjóðsögunni sem draga úr eðlisuppbyggingu hennar og tilvitnunin hér að ofan inniheldur dæmi um það. Samkvæmt þjóðsöguhefðum eru hópar iðulega skipaðir þremur, sjö eða tólf manns,⁴⁵ en hér hefur Jón breytt því í tíu karla og tíu konur. Hugsanlega var það alþjóðlega metrakerfið sem byggir á grunntölunni tíu og ruddi sér til rúms á 19. öld sem hafði áhrif á Jón hér. Það er að minnst kosti athyglisvert að hann valdi að nota ekki töluna tólf eins og í frásögn Ragnhildar.

Jón gerir mun meira úr áhuga hirðmeyjanna á hestinum sem lagður er logagylltum kvensöðli:

Fóru þá hirðmeyjar kónings að tala um það, hver þeirra mundi nú njóta þeirrar upphafar að fá að ríða í gullna söðlinum, og vildu allar verða fyrir því, og þóktist hver um sig vera þess maklegust. En þetta fór öðru vísi, en þær ætluðu ...⁴⁶

Hér lætur Jón hirðmeyjarnar metast opinskátt um það hver sé þess verðugust að ríða hrossinu og svo ýjar hann að vonbrigðum þeirra án þess þó að nefna þau berum orðum. Þessi breyting Jóns, frá þögulli von kvennanna um að verða fyrir valinu í frásögn Ragnhildar í háværan meting, breytir persónuleikum þeirra umtalsvert og er hugsanlega

45 Lüthi, *The European Folktale*, 32–33.

46 „Sagan af Gríshildi góðu,“ *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri* II, 415.

eitt mýmargra dæma um þá kvenfyrirlitningu sem margir karlkyns þjóðsagnasafnarar og -ritstjórar gerðu sig seka um, þar sem þeir gerðu markvisst lítið úr kvenpersónunum, drógu úr jákvæðum eiginleikum þeirra, sér í lagi sjálfstæði, völdum og styrk, og ýttu þannig undir neikvæð viðhorf til kvenna og stúlkna almennt. Þessar breytingar eru þáttur í því sem Jack Zipes, sem rannsakað hefur elstu gerðir Rauðhettusögunnar, kallar siðvæðingarferli („civilizing process“) þjóðsagnanna í prentuðum útgáfum fyrir börn af efri borgarastétt þar sem vald karlpersóna eykst á kostnað kvenpersóna.⁴⁷ Við sjáum fleiri dæmi um þennan kynjahalla síðar í greininni.

Ferðalagi hópsins að „húsabæ einum“ er lýst með nokkuð fleiri orðum en í frásögn Ragnhildar þar sem hann

47 Jack Zipes, *The Trials and Tribulations of Little Red Riding Hood. Versions of the Tale in Socio-cultural Context* (Lundúnir: Heinemann, 1983), 13. Zipes bendir á dæmi um þetta í ævintýrum Charles Perraults (1628–1703) frá 1697, þar sem hann gerir m.a. Rauðhettupersónuna, sem í frönskum munnmælasögum hafði verið „ákveðin, hugrökk og klók“ bóndastúlka („forthright, brave, and shrewd“ „peasant girl“, sama rit, 9) sem „platar úlfinn með klókindum og bjargar sér sjálf, án hjálpar frá ömmu, veiðimanni eða föður“ („shrewdly outwits the wolf and saves herself. No help from granny, hunter, or father!“; sama rit, 7) „fallega, ofdekraða, auðtrúa og ósjálfbjarga“ („pretty, spoiled, gullible, and helpless“, sama rit, 9). Í Þýskalandi gerðu Grimms-bræðurnir sambærilegar breytingar á þjóðsögnum sem þeir gáfu út á 19. öld. Í yfirlitgrein um feminískar þjóðsagnarannsóknir vitnar Donald Haase m.a. til rannsókna Ruth. B. Bottigheimer sem „sýndi í greinaröð frá 1980 til 1985 fram á hvernig ritstjórnaraðgerðir bræðranna – þar á meðal þeim sem virðast einfaldar orðalagsbreytingar – veiktu kvenpersónur sem [í niðurskrifuðum munnmælasögum] voru sterkar, gerðu valdamiklar konur djöfullegar, bættu við karllægu sjónarhorni í sögum þar sem konur vöktu máls á óánægju sinni, og gerðu kvenhetjur valdalausar með því að gera þær mállausar“ („In a series of articles from 1980 to 1985, Bottigheimer demonstrated how the Grimms’ editorial interventions – including their apparently simple lexical revisions – weakened once-strong female characters, demonized female power, imposed a male perspective on stories voicing women’s discontents, and rendered heroines powerless by depriving them of speech.“ Donald Haase, „Feminist Fairy-Tale Scholarship,“ *Fairy Tales and Feminism. New Approaches*, ritstj. Donald Haase (Detroit: Wayne State University Press, 2004), 11).

Í íslensku samhengi má annars vegar nefna rannsókn Baldurs Hafstaðs á því hvernig sífjaspell og kynferðisleg misnotkun gagnvart dætrum af hálfu feðra hvarf þegar Öskubuska og aðrar þjóðsögur með sama minni voru prentaðar; í eldri gerðum Öskubuskusagnanna voru það ekki eingöngu stjúpán og stjúpusturnar sem beittu söguhetjuna ofbeldi, heldur einnig faðirinn, með sífjaspelli (Baldur Hafstað, „Mjaðveig og Öskubuska“, *Hrafnabing* 2 (2005): 20). Hins vegar sýndi rannsókn Aðalheiðar Guðmundsdóttur á mismunandi gerðum *Úlfhams sögu* hvernig rímnaskáldið og fræðamaðurinn Jón Ólafsson úr Grunnavík (1705–79) dró úr hlutverki sterkra kvenna í rímnagerð sinni (B-gerð) en jók að sama skapi hlut karlanna (Aðalheiður Guðmundsdóttir, „Inngangur,“ *Úlfhams saga*, útg. Aðalheiður Guðmundsdóttir (Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, 2001), cxxiii–vi).

reið lengi dags að ekki talaði hann [kóngurinn] við neinn og enginn þorði á hann að yrða.⁴⁸

Í gerð Jóns

vissi [enginn], hvert kóngur ætlaði og einginn vildi spyrja hann þess. Þegar reiðfólkið kom nokkuð frá borginni, sá það, að kóngur stefndi út á skóg. Reið það svo leingi og réð kóngur ferðinni⁴⁹

Þangað til þau koma á áfangastað. Tónninn breytist talsvert þegar „enginn þorði á hann að yrða“ er skipt út fyrir „einginn vildi spyrja hann þess“. Hjá Ragnhildi var samferðafólkið greinilega hrætt við að tala við kóng að fyrra bragði en hjá Jóni kemur hvergi fram að ekki hafi verið rætt við kónginn um annað, þótt hirðfólkið hafi ekki viljað spyrja hvert ferðinni væri heitið.

Hjá Ragnhildi gekk kóngur beint inn og hitti svínahirðinn en hér kemur Gríshildur sjálf „óvenju frið og fögur“ til dyra þegar kóngur bankar. Þannig lætur Jón hana kynna sjálfa sig og foreldra sína til sögunnar sem svar við spurningum kóngsins.

Framkoma kóngsins er öll mun formlegri í gerð Jóns. Hjá Ragnhildi gekk hann beint inn og segir að Gríshildur „skuli verða sín eiginkona“⁵⁰ en hjá Jóni segist hann „hafa erindi við“ foreldra hennar og

heilsaði þeim karli og kerlíngu, og sagðist vera kominn þess erindis að biðja dóttur þeirra.

Karl bregst illa við og spáir því að

víst mundi hann [kóngur] finna aðrar konur, sem honum fyndist sèr meira jafnræði í annarstaðar, ... mundi honum innan skamms þykja lítið til hennar koma og líklega reka hana frá sèr með skömm.⁵¹

Hjá Ragnhildi var það fyrst eftir á, við heimkomu Gríshildar eftir skilnaðinn, að karlinn sagði

að sona hefði þetta legið í huga sínum ...⁵²

48 „Sagan af Gríshildi góðu,“ *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri* V, 28.

49 „Sagan af Gríshildi góðu,“ *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri* II, 415.

50 „Sagan af Gríshildi góðu,“ *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri* V, 28.

51 „Sagan af Gríshildi góðu,“ *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri* II, 415.

52 „Sagan af Gríshildi góðu,“ *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri* V, 28.

Jón lætur kóng sýna meiri biðlund en í frásögn Ragnhildar og það er ekki fyrr en eftir þessi neikvæðu viðbrögð karlsins að

[k]óngur firtist þessum ummælum karls, og læzt mundi hafa vald til að taka dóttur hans að honum fornspurðum.⁵³

Mestar breytingar telur greinarhöfundur Jón þó gera á hlutverki kerlingar í þessum samskiptum. Hvorki Boccaccio né Petrarcha minntust á móðurina og hún var næsta ósýnileg í frásögn Ragnhildar en hér fær hún það hlutverk að blíðka kóng og miðla málum:

Kerling var öll auðunnari, og vildi mýkja málin fyrir karlinn, og bað kóng að erfa ekki ummæli manns síns, því hann væri armæddur af elliburðum, sem legðust svo þúngt á hann og gætti þess vegna ekki ávalt að stýra túngu sinni.

Hún reynir líka að friða eiginmanninn, bað að hann tæki

öllum málum kóns vel og blíðlega

enda

væri það [þeim] til vegs og sóma, ef kóngur ætti dóttur þeirra,

jafnvel þótt það yrði bara í skamma stund, og loks

[f]ór þá svo fyrir umtölur kerlingar að þau karl föstnuðu kóngi Gríshildi.⁵⁴

Einhver gætu undrast þessa nýbreytni Jóns, að stækka svona hlutverk móðurinnar, og talið það í mótsögn við þá tilhneigingu sem fjallað var um hér að framan, að draga úr gildi kvenpersóna. Á hinn bóginn má einmitt líta á framlag móðurinnar til þess að koma á hjónabandi milli Gríshildar og kónsins sem hluta af því siðvæðingarferli þjóðsagnanna, sem Zipes benti á, þar sem valdefling karla af efri stéttum er aðalatriðið.

Gríshildur sjálf beið utandyra á meðan þessu fór fram og fær fyrst að vita hvað til standi þegar kóngur segir henni að

53 „Sagan af Gríshildi góðu,“ *Íslenskar þjóðsögur og æfintýri* II, 415.

54 Sama rit.

55 Sama rit.

stíga á bak hestinum með gylta söðlinum.

Ragnhildur minntist ekki á viðbrögð hennar við bónorðinu en hér

datt ofan yfir Gríshildi og þókti þessu heldur fljótráðið.

Kóngur setur henni þá afarkosti,

ef hún vildi ekki fara með góðu, mundi hann láta hafa hana burtu með sér með valdi.

Það er ljóst að Gríshildi var þetta þungbært þegar hún „kvaddi foreldra sína grátandi,“ en eftir brúðkaupið „tókust [þó] með þeim góðar ástir.“⁵⁵ Enn og aftur sér lesandinn að kóngur hafði rétt fyrir sér og vald hans því styrkt í frásögninni.

Eins og áður kom fram brást hirðfólkið hjá Ragnhildi fremur illa við fyrirhuguðu brúðkaupi („var full svipur yfir allri fylgdinni“) en svo er ekki minnst aftur á neina óánægju með ráðahaginn.⁵⁶ Jón gerir meira úr þessu og eftir brúðkaupið undu

[h]irðmenn kóngs ... því illa, að hann hafði tekið sér drottningu af svo lágum stigum, og reyndu til með öllu móti að spilla kóngi við hana.

Þetta olli því að „kóngur varð fálátari við drottningu“ sem útskýrt er með því að „enda var hann einrænn í lund.“⁵⁷ Þannig má segja að Jón undirbúi jarðveginn fyrir það sem koma skal í frásögninni, og útskýri óbeint ástæður þess að kóngur lætur fjarlægja börnin, og geri á sama tíma minna úr þeirri mannvönsku sem kóngur sýnir konu sinni og börnum.

Hjá Jóni eignast Gríshildur einungis tvö börn, dóttur og son. Það að Jón brjóti þannig, ómeðvitað, þrítekningarlögmál þjóðsagna, sem minnst var á hér áður, bendir til þess að hann hafi þekkt til tveggja barna hefðarinnar í Griseldusögunum og valið að fylgja henni.

Við fæðingu dótturinnar segir kóngur að Gríshildur skuli „gæta þess [barnsins] vel.“ Þegar hann svo skipar einum af

55 Sama rit, 415–16.

56 „Sagan af Gríshildi góðu,“ *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri* V, 28.

57 „Sagan af Gríshildi góðu,“ *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri* II, 416.

vildismönnum sínum ... að taka frá henni barnið

á hann einnig að

gá að, hvort henni bregði nokkuð.

Nauðugur fer maðurinn og tekur barnið gegn vilja móðurinnar sem biður „hann að láta barnið vera,“ en hún bregst við þeim orðum hans

að kóngur hefði boðið sér að taka það

með því að gráta hástöfum. Barnið er síðan sent í fóstur hjá frænda kóngrs „eða föðurbróður.“ Ári síðar fæðir Gríshildur son en allan þann tíma

þorði [hún] ekki að kvarta um þessa meðferð við kóng, enda spurði hann aldrei eptir barninu ...

Stuttu eftir fæðinguna lætur kóngur taka soninn og bætir sögumaður þar við

[e]n svo illa sem drottning barst af áður eptir dótturmissinn, undi hún þó enn ver sonarmissinum, og grèt sáran, þegar hann var borinn burtu.⁵⁸

Í frásögn Ragnhildar sáum við að sorg Gríshildar jókst stigvaxandi við barnamissinn, frá dótturinni til sonanna tveggja. Þrítækningin og stigmögnun sorgarinnar byggðu upp ljósa mynd af því sem Olrik kallaði afgerandi atburð („et væsentligt moment“),⁵⁹ sem hér er barnsmisur. Það eru því fremur endurtekin og ítrekuð áföll móðurinnar sem ollu þessum auknu sorgarviðbrögðum en kyn barnanna. Í útgáfu Jóns er aftur á móti augljóslega um kynjamun að ræða, þar sem sonur er meira virði en dóttir. Engin eldri íslensku gerðanna sem varðveittar eru inniheldur neitt þessu líkt, en í þremur þeirra er þó tekið fram að Gríshildarpersónan andvarpi mæðilega eða stynji þungan þegar eiginmaðurinn segir henni frá ákvörðun sinni að láta drepa soninn, eins og dótturina,⁶⁰ en hvergi er þó ýjað að því

58 Sama rit.

59 Olrik, „Episke love i folkedigtningen“, 83.

60 Hún „andvarpar mæðilega“ („Æfintýr af einum hertoga, er kallast Valtari,“ Halldór, *The Story of Griselda in Iceland*, 10). „[Þ]úgangur [hún] Stundi“ í rímum Jóns Hjaltalíns, rímu 3, vísu 49 (Jón, *Rímur um Valtir/Waltara hertoga og Gressilu*, sjá t.d. handritið Lbs 2901 8vo, bl. 10v), sem byggir á fyrrnefndu Æfintýri, og það gerir hún einnig í riddarasögu Magnúsar

að það sé tilhugsunin um sonarmissinn sem auki sorgina. Með þessari athugasemd, sem virðist nýbreytni hjá Jóni og hugsanlega enn eitt dæmi um kvenfyrirlitninguna sem minnst var á hér að ofan, eyðir hann um leið stigmögnuninni út úr þjóðsögunni.

Stuttu eftir hvarf sonarins vill kóngur fá að sjá börnin og lætur sem hann viti ekkert um hvarf þeirra. Viðbrögðum Gríshildar við þessari ósk hans er lýst svo:

Við það ýfðust enn upp harmar hennar, svo hún flóði öll í tárur og sagði að börnin hefðu verið tekin frá sèr eptir hans undirlagi, svo hún gæti ekki sýnt honum þau, og mætti hann bezt vita, hvað um þau væri orðið.

Kóngur bregst „reiður“ við þessum tilsvörum, sakar hana um morð og lygar og skipar henni

hamslaus af bræði ... að snauta burtu og koma aldrei fyrir augu sín optar, sagði að hún hefði unnið til þess að hún væri drepin.⁶¹

Þannig teiknar sögumaður Jóns smám saman mynd af vondum og duttlungafullum kóngi sem móðgast þegar bónorðið er ekki samþykkt tafarlaust, verður reiður þegar kona hans segir honum sannleikann um hvarf barnanna og loks „hamslaus af bræði“ þegar hann rekur hana á brott. Þrátt fyrir þessa neikvæðu mynd af kónginum verða völd hans yfir lífi hennar og barnanna skýrari og afdráttarlausari í samræmi við áður nefnda valdeflingu karlpersóna á kostnað kvenpersóna.

Eins og hjá Ragnhildi dvelur Gríshildur í foreldrahúsum í sextán ár áður en kóngur sendir menn til að biðja hana um að

vera forgångskona með matreiðslu í brúðkaupi sínu, sem hann ætlaði að halda sama daginn.

Bæði hún og foreldrar hennar eru treg til að hlýða þessari bón en hún lét sig þó hafa það og

þókti henni fara það af mikilli snild og skörúngskap ...

í Tjaldanesi (Magnús Jónsson (í Tjaldanesi), *Sagan af Gríshildi Drottningu hinni þolinmóðu*, sjá t.d. handritið Lbs 1494 4to, bl. 206v).

61 „Sagan af Gríshildi góðu,“ *Íslenskar þjóðsögur og æfintýri* II, 416.

Líkt og í frásögn Ragnhildar lætur kóngur Gríshildi fylgja brúðhjúonunum til hvílu að kvöldi brúðkaupsdagsins og lýsa þeim með litlu *kertisskari* meðan þau háttu. Þegar skarið var

svo brunnið, að það logaði á berum gómunum

spyr kóngur „hvort hún brenni sig ekki.“ Hér verður staðhæfing hennar, ögn breytt frá fyrri þjóðsögunni:

„Sárt brenna gómarnir, en sárar brennur hjartað“

að svari við spurningu og hjá Jóni fellir hún líka tár um leið. Þá loks „þoldi kóngur ekki leingur að horfa á hana,“ segir henni sannleikann um börn þeirra tvö og biður hana „með mörgum orðum fyrirgefningar.“⁶² Líkt og hjá Ragnhildi er það svo kóngurinn sem gefur Gríshildi nýja viðurnefnið, *góða*.

Frásögn Jóns er eins og sést lengri og að mestu ítarlegri en frásögn Ragnhildar og lýsingarnar hjá honum á orðum, gerðum og viðbrögðum persónanna gefa fyllri mynd af persónuleikum þeirra. Þannig birtist Gríshildur skýrar sem fórnarlamb illsku kónsins, píslarvottur sem er þvinguð í hjónaband, reynir að stöðva hvarf dótturinnar með orðum, hrakin á brott fyrir að segja sannleikann, reynir að neita bóninni um að þjóna fyrrverandi eiginmanni og nýrri brúði hans á brúðkaupsdaginn og -nóttina. Aldrei dylur persónan tilfinningar sínar heldur grætur hún þegar hún kveður foreldra sína, þegar börnin eru tekin af henni og þegar hún er rekin úr höllinni. Þó stenst hún próf eiginmannsins. Gríshildur sýnir ekki einungis þolinmæði, sem er hennar helsta dyggð, heldur einnig góðlyndi sem aukinheldur er nefnt fyrst og fær enn aukið vægi sem viðurnefni. Í frásögn Ragnhildar segir kóngur einfaldlega að hann sé

að sýna góðlyndi og þolinmæði⁶³

hennar. Eins og áður var bent á má skilja þessi orð kóns á þá lund að hann sjálfur þekki þessar dyggðir hennar og sé með raunum hennar einungis að gera öðrum þær ljósar. Aftur á móti velur Jón að breyta og auka við orð kóns:

62 Sama rit, 417.

63 „Sagan af Gríshildi góðu,“ *Íslenzkar þjóðsögur og avintýri* V, 29.

Eg hefi nú reynt góðlyndi þitt og þolinmæði til hlítar með öllu því, sem fram við þig hefir komið ...⁶⁴

Jón sýnir hér með notkuninni á sagnorðinu *reyna* að breytingar hans byggja að einhverju leyti á þekkingu hans á annarri eða öðrum gerðum Gríseldusögunnar, íslenskum eða erlendum, t.d. segist markgreifinn vera að „forsøge“ (reyna) hana og/eða „friste“ (freista) hennar í elstu dönsku gerðum sögunnar⁶⁵ en í yngri gerðum eru nafnorðin „prøve“ (próf) og „prøvelse“ (hugraun) og/eða sagnorðið „prøve“ (reyna) notuð.⁶⁶

Þær breytingar sem Jón gerir á frásögninni eins og Ragnhildur skrifaði hana niður má skipta í þrjá aðalflokka. Í fyrsta lagi bætir hann við þar sem frásögn hennar er heldur stuttaraleg. Þá lagar hann að Gríselduhefðinni sumar þær breytingar sem orðið hafa í munnmælum, t.a.m. barnafjöldann úr þremur börnum í tvö og fjarlægir hugsanleg tengsl við aðrar sagnahefðir þegar hann gerir kónginn nafnlausan. Í þriðja lagi virðist hann undir áhrifum frá tíðarandanum þegar hann eykur áhrif og völd kóngsins og annarra karlpersóna á kostnað kvenpersónanna. Samanlagt gera breytingar Jóns raddir ráðandi samfélagsafla, s.s. aðalsins og karla almennt, sýnilegri. Jón bjó í raun til nýja gerð sögunnar og líta verður á hana sem sjálfstæðan texta, óháðan frásögn Ragnhildar, ekki síst í ljósi áhrifa hans á rímnaskáldið Andrés Hákonarson sem fjallað verður um í næsta kafla.

Rímur Andrésar Hákonarsonar

Andrés Hákonarson á Hóli í Önundarfirði var þekkt rímnaskáld⁶⁷ en rímur hans þrjár um Gríshildi frá 1890 voru þó, eins og áður kom fram í

64 „Sagan af Gríshildi góðu,“ *Íslenzkar þjóðsögur og afintýri* II, 417.

65 Sjá t.d. *Griseldis*, 1592, 9v og 11v, sótt 4. ágúst 2022, <https://archive.org/details/den-kbd-pil-130018148987-001/page/n26/mode/2up>, og <https://archive.org/details/den-kbd-pil-130018148987-001/page/n30/mode/2up>.

66 Sjá t.d. *En meget mærkvædig Historie om Grysælde, en fattig Bondepige, født i en liden Landsbye i Italien, som Markgræve Wolder tog tilægte; samt hvorledes han i Ægtestanden paa det haardeste prøvede hendes Dyd, men hvilket alt hun dog med største Taalmodighed udholdt* (Kaupmannahöfn: [Johan Rudolph Thiele], [án ártals, en kom út milli 1797 og 1808]), 1, 11, 14 og 23; og *Historie om den fattige Bondepige Griseldis, som blev valgt til Ægtefelle af Markgreve Walther; hendes Prøvelser, Lidelser og tro Kjærlighed* (Kaupmannahöfn: I. Behrend's Enke, 1847), 1, 13, 16 og 19.

67 Finnur, *Rímnatal* II, 8.

neðanmálsgrein 9, að mestu óþekktar í Gríshildarfræðunum fram að Cand. Mag.-ritgerð greinarhöfundar frá árinu 2004. Rímurnar virðast einungis varðveittar í einu handriti, Lbs 4407 8vo, afriti af eiginhandarriti skáldsins. Titillinn í handritinu er *Frásagann | Raunir Gríshildar (þolinmóðu)* og fylgdi rafræn uppskrift greinarhöfundar á rímunum sem fylgiskjal með ritgerðinni.

Rímur Andrésar byggja á þjóðsagnaútgáfu Jóns Árnasonar og fylgja frásögninni þar nokkuð vel, t.a.m. er þar að finna aukna sorg Gríshildar við sonarmissinn:

Sína dóttir, svo sem þótti að missa,
hálfu | midur mæt sig þar,
missir viður sveinsinns | þar.⁶⁸

Þetta er annars eina íslenska gerð Gríshildarsögunnar sem inniheldur þennan kynjamun, auk þjóðsögu Jóns. Þrátt fyrir að fylgja þeim texta vel bætir Andrés nokkrum smáatriðum við, t.d. gagnrýnir sögumaður kónginn með þessum orðum í mansöng þriðju rímu:

enn sjóli sá
sem seigi eg frá,
sízt var góður mað|-ur.⁶⁹

Í næstu erindum heldur gagnrýnin á framferði kóns við konu sína áfram.⁷⁰ Í þjóðsögunum var áherslan á góðlyndi Gríshildar en í titli rímnanna er hún á þolinmæði hennar sem þannig fær á ný aukið vægi. Andrés breytir þó í raun aldrei söguþræðinum. Aftur á móti gefur hann konungi nafnið *Guðvarður* í upphafi frásagnarinnar sem hann staðsetur í Garðaríki.⁷¹ Andrés setur söguna sem sé í norrænt sagnasamhengi og tengir hana norrænum svæðum í því sem nú er hluti Rússlands og Úkraínu, í kringum Kænugarð, án þess þó að gera meira úr því síðar í frásögninni.

68 Andrés, *Frásagan Raunir Gríshildar (þolinmóðu)*, 1890, 2. ríma, 59. erindi (Lbs 4407 8vo, bls. 15).

69 Sama rit, 3. ríma, 6. erindi, 3.–4. lína (sama handrit, bls. 20).

70 Sama rit, 3. ríma, 7.–15. erindi (sama handrit, bls. 20–21).

71 „hjet Goðv-|arður hauður sá, hjellt í Garðaríki.“ (Sama rit, 1. ríma, 16. erindi, 3.–4. lína (sama handrit, bls. 2).

Sárt brenna gómarnir – áhrif á síðari bókmenntaverk

Að lokum skal vikið aftur að orðum Gríshildar við brúðarsæng kóngs og dóttur þeirra sem í texta Ragnhildar hljómar svo:

„Sárt brenna fingurnir, en sárara brennur hjartað.“⁷²

en eftir breytingu Jóns:

„Sárt brenna gómarnir, en sárara brennur hjartað.“⁷³

Eins og áður sagði þekkir greinarhöfundur ekki til þess að aðrar Gríseldufrásagnir, íslenskar eða evrópskar, innihaldi þessa upphrópun og óljóst er hvernig hún hefur komist inn í íslensku þjóðsöguna. Hugsanlega er hún viðbót Ragnhildar sjálfrar en út frá breytingu Jóns á orðunum er hugsanlegt að hann hafi annað hvort þekkt til þessara orða Gríshildar í munnlegri geymd þjóðsögunnar eða aðra mynd málsháttarins.

Senan sjálf þar sem Gríshildur þarf að halda á kerti við brúðarsæng eiginmanns síns er þó ekki íslensk uppfinning. Svipaða lýsingu er til að mynda að finna í latneskri frásögn danska miðaldafræðimannsins Saxós (Saxo Grammaticus) af afrekum Dana, *Gesta Danorum*,⁷⁴ eins og Reinhold Köhler benti á í umfjöllun sinni um þjóðsögu Jóns árið 1870. Köhler benti að auki á gríska þjóðsögu þar sem konungsdóttir þóttist vera heyrnar- og mállaus í þrjú ár eftir að prins nam hana að heiman; hún kemur loks upp um sig þegar hún heldur á brennandi kerti yfir brúðarsæng prinsins og annarrar brúðar.⁷⁵ Þá nefnir Axel Olrik í grein sinni um lögmál þjóðsagna söguna um „pigen der skal bære brudelys ved sin husbonds bryllup med heksedatteren“ (stúlkuna sem heldur á brúðarkerti við brúðkaup eiginmanns síns með nornardótturinni).⁷⁶

Upphrópun svipaða orðum Gríshildar er þó ekki að finna í neinu þessara dæma og gegnum íslensku þjóðsöguna urðu þau að íslenskum

72 „Sagan af Gríshildi góðu,“ *Íslenskar þjóðsögur og ávintýri* V, 29.

73 „Sagan af Gríshildi góðu,“ *Íslenskar þjóðsögur og ávintýri* II, 417.

74 Saxo Grammaticus, *Gesta Danorum. Danmarkshistorien. Bind I*, ritstj. latneska textans Karsten Friis-Jensen, dönsk þýð. Peter Zeeberg (Kaupmannahöfn: Det Danske Sprog- og Litteraturselskab og Gads, 2005), 458–59).

75 Köhler, „Die Gríseldis-Novelle als Volksmärchen,“ 425–27.

76 Olrik, „Episke love i folkedigtningen,“ 72.

málshætti sem öðlaðist sjálfstætt líf⁷⁷ og íslenskar skáldkonur hafa vísað til þeirra og þjóðsögunnar í verkum sínum, t.d. Hulda (Unnur Benediktsdóttir Bjarklind, 1881–1946) í ljóði sínu *Rokkhljóð*:

»Brunnið er kertið, Gríshildur – þú gómana skalt ljá!
 »Gómar brenna sáran«, hún mælir þá,
 »en sárar brennur hjartað af sorg og þrá«.
 Gríshildur hin góða hafði gengið þrautaskeið;
 sigrað hafði dygðin sorgir og neyð.
 Lýsti kong og drotningu hamingjusól heið.⁷⁸

Sams konar tilvitnun til Gríshildar og brenndra góma hennar og hjarta er að finna í fyrsta bindi *Dalalífs* Guðrúnar frá Lundi (1887–1975) frá 1946⁷⁹ og árið 1958 kom út þriðja bókin í bókaflökki Ragnheiðar Jónsdóttur (1895–1967) um Þóru frá Hvammi en titill hennar er *Sárt brenna gómarnir*.⁸⁰ Málshátturinn virðist því einna helst höfða til kvenna og endurspeglar þeirra reynsluheim.

Niðurlag

Undir safnmarkinu Lbs 533 4to má finna fjölda handskrifaðra þjóðsagna og ævintýra, bæði með rithöndum ýmissa þjóðsagnasafnara og svo vinnu-pappíra Jóns Árnasonar sjálfs þar sem hann bjó textana til útgáfu. Þar á meðal er annars vegar „Sagan af Gríshildi góðu“ eins og Ragnhildur Guðmundsdóttir skráði hana og hins vegar endurskoðuð gerð Jóns sem gefin var út í 2. bindi þjóðsagnasafns hans árið 1864. Frumgerð Ragnhildar birtist ekki almenningi fyrr en við endurútgáfu safnsins á 6. áratug síðustu aldar, í 5. bindi árið 1958. Það varð því gerð Jóns sem lagði grunninn að útbreiðslu þjóðsögunnar meðal almennings og fræðimanna. Eins og sjá má af tilvitnunum um brenndu gómana í ljóði Huldu og skáldsögum Guðrúnar frá Lundi og Ragnheiðar Jónsdóttur hér að ofan er ljóst að einnig þar er vitnað til gerðar Jóns, sem að auki lagði grunninn að Gríshildarrímum Andrésar Hákonarsonar.

77 Jón G. Friðjónsson, *Orð að sönnu. Íslenskir málshættir og orðskviðir* (Reykjavík, Forlagið, 2014), 147.

78 Hulda, „Rokkhljóð“, Óðinn 8, 12, 1913, 94.

79 Guðrún frá Lundi, *Dalalíf 1. Ástir og alvara*, 2. útg. (Reykjavík: Almenna bókafélagið, 1982 (1946)), 519–20.

80 Ragnheiður Jónsdóttir, *Sárt brenna gómarnir* (Reykjavík: Helgafell, 1958).

Samanburður á textum Ragnhildar og Jóns sýnir ekki einungis hvernig Jón lengdi frásögnina heldur gerði afgerandi breytingar á henni. Tilgangurinn með sumum þessarar breytinga virðist að færa söguna nær gerðum Boccaccios og Petrarca, t.a.m. fækkun barnanna úr þremur hjá Ragnhildi í tvö og þegar Jón lét kóng segja að hann hafi „reynt góðlyndi [hennar] og þolinmæði“⁸¹ en ekki bara *sýnt* þessar dyggðir hennar eins og hjá Ragnhildi.⁸² Aðrar breytingar hans virðast endurspeglar karlrembu- tíðarandann hjá Þjóðsagnasöfnunum 19. aldar, þar sem sonarmissirinn snertir Gríshildi „enn ver“ en dótturmissirinn og hirðmeyjaskarinn í upphafi biðils- fararinnar fór að metast opinskátt um það hver þeirra yrði valin í fegursta söðulinn, í stað þess að hugsa það bara hver fyrir sig eins og hjá Ragnhildi. Í sama anda má líta það hvernig Jón feugar kynninguna á kónginum í upphafi sögunnar þannig að hinn sextugi, óákveðni Artus með frestunaráráttuna hjá Ragnhildi verður nafnlaus, á óráðum aldri og áhugaleysi hans á hjónabandi látið óútskýrt. Meira að segja er sú mynd sem síðar birtist af vondum og duttlungafullum kóngi hjá Jóni í samræmi við valdeflingu karlpersóna á kostnað kvenpersóna í Þjóðsagnaútgáfum þess tíma.

Í báðum gerðum Þjóðsögunnar koma báðir foreldrar Gríshildar við sögu en í evrópsku hefðinni er ekki minnst á móðurina. Þá eru viðbrögð föðurins við bónorðinu mun neikvæðari í íslensku Þjóðsögunum en annars tíðkast. Hlutverk móðurinnar er aftur á móti að miðla málum og taka mál- stað kónsins, og gerði Jón mikið úr hennar þætti þar.

Í Griseldusögum Boccaccios og Petrarca er óánægja hirðarinnar og almennings með hjúskap markgreifans og bóndadótturinnar einungis uppspuni markgreifans en í báðum íslensku Þjóðsögunum er slík gremja nefnd. Hjá Ragnhildi var þetta einungis „fúll svipur yfir allri fylgdinni“⁸³ þegar Gríshildur var færð í brúðarskrúðann en hjá Jóni hélt óánægjan áfram eftir brúðkaupið og tókst hirðmönnum meira að segja „að spilla kóngi við hana.“⁸⁴

Að síðustu skal vikið að viðbrögðum Gríshildar við raunum sínum í íslensku Þjóðsögunum. Hjá Boccaccio og í evrópsku hefðinni eru við- brögð hennar alltaf eins; án svipbrigða biður hún þess að þau verði ekki

81 „Sagan af Gríshildi góðu,“ *Íslenzkar Þjóðsögur og æfintýri* II, 417.

82 „Sagan af Gríshildi góðu,“ *Íslenzkar Þjóðsögur og ævintýri* V, 29.

83 Sama rit, 28–29.

84 „Sagan af Gríshildi góðu,“ *Íslenzkar Þjóðsögur og æfintýri* II, 416.

„að fæðu fyrir dýr eða fugla“,⁸⁵ en í þeim íslensku sýnir hún svo sannarlega sorgarviðbrögð við barnamissinum. Hjá Ragnhildi bregður hún fyrst litum, verður svo eldrjóð og loks grét hún sárt þegar þriðja barnið var tekið af henni⁸⁶ en hjá Jóni grætur hún þegar hástöfum þegar fyrra barnið, dóttirin, er tekin, þótt hún hafi grátið enn meira við sonarmissinn.⁸⁷ Það er þó ekki eingöngu við barnamissinn sem íslenska þjóðsagna-Grishildur sýnir viðbrögð, það gerir hún líka við skilnaðinn og eins þegar hún þjónar kóngi og nýrri brúði hans á brúðkaupsnóttina og segir „Sárt brenna fingurnir/gómarnir, en sárara brennur hjartað“⁸⁸ auk þess sem hún grætur hjá Jóni af því tilefni. Þrátt fyrir að sýna miklar tilfinningar í báðum þjóðsagnagerðunum stenst Grishildur þó öll próf kóngsins sem gefur henni viðurnefnið *góða* en ekki þolinmóða eins og hefð er fyrir.

HEIMILDIR

HANDRIT

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Reykjavík

AM 132 I 8vo. Óþekktur skrifari, 17. öld.

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn

Lbs 533 4to. Margar rithendur, m.a. Jóns Árnasonar (1819–88) og Ragnhildar Guðmundsdóttur (1836/7–1921), 1850–65.

Lbs 989 4to. Tveir óþekktir skrifarar, úr dánarbúi séra Friðriks Eggerz (1802–94), 1795–1830.

Lbs 1494 4to. Skrifari Magnús Jónsson í Tjaldanesi (1835–1922), 1888.

Lbs 1506 4to. Skrifari Magnús Jónsson í Tjaldanesi (1835–1922), 1893.

Lbs 2325 4to. Skrifari Sighvatur Grímsson *Borgfirðingur* (1840–1930), 1893.

Lbs 248 8vo. Óþekktur skrifari, um 1750.

Lbs 2901 8vo. Óþekktur skrifari, 19. öld.

Lbs 3841 8vo. Skrifari Guðmundur Jóhannesson í Skáleyjum (1838–93), 1871.

Lbs 4407 8vo. Óþekktur skrifari, eftir 1890.

Böðvar Kvaran (einkasafn)

BK 5 4to. Skrifari Magnús Jónsson í Tjaldanesi (1835–1922), 1914.

85 Boccaccio, *Tidagra*, 689–90.

86 „Sagan af Grishildi góðu,“ *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri* V, 28.

87 „Sagan af Grishildi góðu,“ *Íslenzkar þjóðsögur og æfintýri* II, 416.

88 „fingurnir“ í „Sagan af Grishildi góðu,“ *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri* V, 29, og „gómarnir“ í „Sagan af Grishildi góðu,“ *Íslenzkar þjóðsögur og æfintýri* II, 417.

ÚTGÁFUR

- Andrés Hákonarson. *Frásagan Raunir Gríshildar (pólinmóðu)*. 1890. Varðveitt í handritinu Reykjavík, Landsbókasafn Íslands Lbs 4407 8vo.
- Boccaccio, Giovanni. „Griselda.“ *Letterature italiana*. [1350]. Sótt 22. janúar 2022 af <https://letteritaliana.weebly.com/griselda.html>.
- Boccaccio, Giovanni. *Tíðagra*. Þýð. Erlingur E. Halldórsson. Reykjavík: Mál og menning, 1999.
- „Das isländische Märchen.“ Þýð. Theodor Möbius. Reinhold Köhler. „Die Griseldis-Novelle als Volksmärchen.“ *Archiv für Litteraturgeschichte I*, ritstj. Richard Gosche. Leipzig: B.G. Teubner, 1870, 420–24.
- „Das isländische Märchen.“ Þýð. Theodor Möbius. Reinhold Köhler. „Die Griseldis-Novelle als Volksmärchen.“ *Kleinere Schriften von Reinhold Köhler II*, ritstj. Johannes Bolte. Weimar: E. Felber, 1900, 545–50.
- En meget mærkverdigg Historie om Gryselde, en fattig Bondepige, født i en liden Landsbye i Italien, som Markgrave Wolder tog tilægte; samt hvorledes han i Ægtestanden paa det haardeste prøvede hendes Dyd, men hvilket alt hun dog med største Taalmodighed udholdt*. Kaupmannahöfn: [Johan Rudolph Thiele], [án ártals, en kom út milli 1797 og 1808].
- Eggert Jónsson. *Tuær Ríjmur af Grisjilláá*. 17. öld. Varðveittar í handritinu Reykjavík, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, AM 132 I 8vo, 1r–9r.
- Griseldis. Tuende deylige oc Nyttelige Historier at læse. Den Første om Griseldis. Den Anden om en Docters Daatter aff Bononia / Aff huilcke Historier alle ærlige Quinder maa begribe gode lærdom / oc besynderlige at haffue gaat taalmodighed*. Lübeck: Affwerus Krøger, 1592. Sótt 4. ágúst 2022, <https://archive.org/details/den-kbd-pil-130018148987-001/mode/2up>.
- Guðrún frá Lundi. *Dalalíf 1. Ástir og alvara*. 2. útg. Reykjavík: Almenna bókafélagið, 1982 (1946).
- Historie om den fattige Bondepige Griseldis, som blev valgt til Ægtefelle af Markgreve Walther; hendes Prøvelser, Lidelser og tro Kjærlighed*. Kaupmannahöfn: I. Behrend's Enke, 1847.
- Historie om en fattig Bondedaatter, navnlig Griselde, fra en liden Bye i Valland, som Herr Marggrev Volter tog til Ægte, og hvorledes hun af ham maatte udstaae mange store og haarde Fristelser; hvilke hun dog alle med største Taalmodighed overvandt*. [“Trykt i dette Aar”]. [Án ártals]: [Án útgefanda].
- Hulda. „Rokkhjóð.“ *Óðinn* 8, 12 (1913), 94.
- Jón Árnason. *Sagan af Gríshildi góðu*. Varðveitt í handritinu Reykjavík, Landsbókasafn Íslands, Lbs 533 4to, bl. 220r–23r.
- Jón Árnason og Guðbrandur Vigfússon (útg.). *Íslenzkar þjóðsögur og æfintýri. Safnað hefir Jón Árnason*. II, Leipzig: J.C. Hinrichs, 1864.
- Jón Hjaltalín. *Rímur um Valtir/Waltara hertoga og Gressílu*. 1816. Varðveittar í handritunum Reykjavík, Landsbókasafn Íslands, Lbs 2325 4to, Lbs 4472 4to, Lbs 248 8vo, Lbs 2901 8vo og Lbs 3841 8vo.

- Magnús Jónsson (á Laugum). *Rímur af Gríshildi góðu: eptir gömlu handriti*. Reykjavík: Skúli Thoroddssen, 1910.
- Magnús Jónsson (í Tjaldanesi). *Sagan af Gríshildi Drottningu hinni þolinmóðu*. 1888. Varðveitt í handritunum Reykjavík, Landsbókasafn Íslands, Lbs 1494 to, bls. 377–456, og Lbs 1506 4to, bls. 503–82, auk handrits Reykjavík, Böðvar Kvaran (einkasafn), BK 5 4to, bls. 595–674.
- Petrarca, Franciscus. „Francisci Petrarce, Poete Laureati, de Insigni Obedientia et Fide Uxoris ad Johannem Bocacium de Certaldo.“ Ursula Hess. *Heinrich Steinhöwels 'Griseldis'. Studien zur Text- und Überlieferungsgeschichte einer früh-humanistischen Prosanovelle*. München: C.H. Beck'sche Verlagsbuchhandlung, 1975, 173–74 og 176–238 (einungis á bls. með sléttum tölum).
- Ragnheiður Jónsdóttir. *Sárt brenna gómarnir*. Reykjavík: Helgafell, 1958.
- Ragnhildur Guðmundsdóttir. *Sagan af Gríshildi góðu*. Varðveitt í handritinu Reykjavík, Landsbókasafn Íslands, Lbs 533 4to, bl. 176r–8r.
- „Sagan af Artus konungi grimma,“ *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri V*. Safnað af Jóni Árnasyni. Ritstj. Árni Böðvarsson og Bjarni Vilhjálmsson. Reykjavík: Bókaútgáfan Þjóðsaga & Prentsmiðjan Hólar, 1958, 254–57.
- „Sagan af Gríshildi góðu.“ Útg. Halldór Hermannsson. *The Story of Griselda in Iceland*. Islandica VII. Ithaca.: Cornell University Library, 1914, 24–45.
- „Sagan af Gríshildi góðu.“ *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri*. Safnað hefir Jón Árnason. II. Ritstj. Jón Árnason og Guðbrandur Vigfússon. Leipzig: J.C. Hinrichs, 1864, 414–17.
- „Sagan af Gríshildi góðu.“ *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri V*. Safnað af Jóni Árnasyni. Ritstj. Árni Böðvarsson og Bjarni Vilhjálmsson. Reykjavík: Bókaútgáfan Þjóðsaga & Prentsmiðjan Hólar, 1958, 28–29.
- Saxo Grammaticus. *Gesta Danorum. Danmarkshistorien*. Bind I. Útg. latneska textans Karsten Friis-Jensen, dönsk þýð. Peter Zeeberg. Kaupmannahöfn: Det Danske Sprog- og Litteraturselskab og Gads, 2005.
- Steinhöwel, Heinrich. „Griseldis.“ Ritstj. Ursula Hess. *Heinrich Steinhöwels 'Griseldis'. Studien zur Text- und Überlieferungsgeschichte einer frühhumanistischen Prosanovelle*. München: C.H. Beck'sche Verlagsbuchhandlung, 1975, 177–237 (einungis á bls. með oddatölum).
- von Lenk zu Burgheim und Gansheim, Heinrich (ritstj.). *Griseldis auf Island*. Þýð. Heinrich von Lenk zu Burgheim und Gansheim. [Vínarborg]: [Án útgefanda], [1900 eða 1901].
- „Æfintýr af einum hertoga, er kallast Valtari.“ Útg. Halldór Hermannsson. *The Story of Griselda in Iceland*. Islandica VII. Ithaca: Cornell University Library, 1914, 7–12.

FRÆÐIRIT

- Aðalheiður Guðmundsdóttir. „Inngangur.“ *Úlfhams saga*. Útg. Aðalheiður Guðmundsdóttir. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, 2001, xiii–cclxxxi.
- – –. „Karlar og kerlingar: Um heimildarmenn ævintýra og tengslanet Jóns Árnasonar.“ *Kreddur: vefrit um þjóðfræði* (<http://kreddur.is/karlar-og-kerlingar/>), 2013. Sá hlekkur virðist óvirkur, en greinina má nú finna á vefnum *Academia.edu*, sótt 21. janúar 2022, https://www.academia.edu/11937408/Karlar_og_kerlingar_Um_heimildarmenn_%C3%A6vint%C3%BDra_og_tengslanet_%C3%B3ns_%C3%81rnasonar
- Árni Böðvarsson og Bjarni Vilhjálmsson. „Handrit og heimildarmenn.“ *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri. Safnað hefur Jón Árnason VI*. Ritstj. Árni Böðvarsson og Bjarni Vilhjálmsson. Reykjavík: Bókaútgáfan Þjóðsaga & Prentsmiðjan Hólar, 1961, 43–64.
- – –. „Skýringar og athugasemdir.“ *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri. Safnað hefur Jón Árnason II*. Ritstj. Árni Böðvarsson og Bjarni Vilhjálmsson. Reykjavík: Bókaútgáfan Þjóðsaga & Prentsmiðjan Hólar, 1954, 563–85.
- Baldur Hafstað. „Mjaðveig og Öskubuska.“ *Hrafnabing 2* (2005): 7–27.
- Bottigheimer, Ruth B. *Fairy Tales. A New History*. Albany, New York: State University of New York Press, 2009.
- Einar Ó. Sveinsson. *Verzeichnis isländischer Märchenvarianten mit einer einleitenden Untersuchung*. Helsinki: Suomalainen Tiedekatemia Academia Scientarium Fennica, 1929.
- Finnur Sigmundsson. *Rímnatal I*. Reykjavík: Rímnafélagið, 1966.
- – –. *Rímnatal II*. Reykjavík: Rímnafélagið, 1966.
- Haase, Donald. „Feminist Fairy-Tale Scholarship.“ *Fairy Tales and Feminism. New Approaches*. Ritstj. Donald Haase. Detroit: Wayne State University Press, 2004, 1–36.
- Halldór Hermannsson. *The Story of Griselda in Iceland*. Islandica VII. Ithaca: Cornell University Library, 1914.
- Hess, Ursula. *Heinrich Steinhöwels 'Griseldis'. Studien zur Text- und Überlieferungsgeschichte einer frühhumanistischen Prosanovelle*. München: C.H. Beck'sche Verlagsbuchhandlung, 1975.
- Jón Árnason. *Úr fórum Jóns Árnasonar. Sendibréf. Fyrri bindi*. Útg. Finnur Sigmundsson. Reykjavík: Hlaðbúð, 1950.
- Jón G. Friðjónsson. *Orð að sönnu. Íslenskir málshættir og orðskviðir*. Reykjavík: Forlagið, 2014.
- Köhler, Reinhold. „Die Griseldis-Novelle als Volksmärchen.“ *Archiv für Literaturgeschichte I*. Ritstj. Richard Gosche. Leipzig: B.G. Teubner, 1870, 409–27.
- Köhler, Reinhold. „Die Griseldis-Novelle als Volksmärchen.“ *Kleinere Schriften von Reinhold Köhler II*. Ritstj. Johannes Bolte. Weimar: E. Felber, 1900, 545–50.
- „Lbs 533 4to.“ *Handrit.is*, skrásetjari Sigríður H. Jörundsdóttir. Sótt 21. janúar 2022, <https://handrit.is/en/manuscript/view/is/Lbso4-0533>.

- Lüthi, Max. *The European Folktale: form and nature*. Þýð. John D. Niles. Bloomington og Indianapolis: Indiana University Press.
- Olrik, Axel. „Episke love i folkedigtningen.“ *Danske studier* (5. árgangur), 1908, 69–89.
- Paulli, Richard Jakob. „Indledning. *Griseldis*.“ *Helena, Griseldis, En Doctors Datter*. Útg. J.P. Jacobsen, Jørgen Olrik og R. Paulli. Danske Folkebøger VIII. Kaupmannahöfn: Gyldendalske Boghandel – Nordisk Forlag, 1920, XXXI–LIX.
- – –. „Haandskriftbeskrivelse og Bibliografi.“ *Helena, Griseldis, En Doctors Datter*. Útg. J.P. Jacobsen, Jørgen Olrik og R. Paulli. Danske Folkebøger VIII. Kaupmannahöfn: Gyldendalske Boghandel – Nordisk Forlag, 1920, 205–50.
- – –. „Tekstkritik og Kommentar.“ *Helena, Griseldis, En Doctors Datter*. Ritstj. J.P. Jacobsen, Jørgen Olrik og R. Paulli. Danske Folkebøger VIII. Kaupmannahöfn: Gyldendalske Boghandel – Nordisk Forlag, 1920, 143–204.
- Reynir Þór (Tór) Eggertsson. *’Máttu jeg dø for dig, mit unge blod!’ En transmiss-ionsteoretisk undersøgelse af Griseldis i danske og islandske overleveringer*. Cand. Mag.-ritgerð, Kaupmannahafnarháskóli, 2004.
- Ritterhaus, Adeline. *Die neuisländischen Volksmärchen. Ein Beitrag zur vergleichenden Märchenforschung*. Halle: [Niemeyer], 1902, 231–32.
- Rósa Þorsteinsdóttir. *Sagan upp á hvern mann. Átta íslenskir sagnamenn og ævintýrin þeirra*. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, 2011.
- Schlauch, Margaret. „Griselda in Iceland: A Supplement.“ *Speculum. A Journal of Medieval Studies* XXVIII (1953): 363–70.
- Seelow, Hubert. *Die isländischen Übersetzungen der deutschen Volksbücher*. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar, 1989.
- Søndergaard, Leif. „Folkebogens fascination – Griseldis gennem 400 år.“ *Griseldis-temaet gennem tiden*. Ritstj. Leif Søndergaard. Mindre Skrifter Nr. 9. Óðinsvé: Laboratorium for Folkesproglige Middelalderstudier, Odense Universitet, 1992, 41–60.
- Thompson, Stith. *Motif-Index of Folk-Literature. A Classification of Narrative Elements in Folktales, Ballads, Myths, Fables, Mediaeval Romances, Exempla, Fabliaux, Jest-Books and Local Legends. Revised and Enlarged Edition. Volume Three. F-H*. Kaupmannahöfn: Rosenkilde & Bagger, 1956.
- Uther, Hans-Jörg. *The Types of International Folktales. A Classification and Bibliography. Based on the System of Antti Aarne and Stith Thompson. Part I: Animal Tales, Tales of Magic, Religious Tales, and Realistic Tales, with an Introduction*. Ritstj. Sabine Dinslage, Sigrid Fähmann, Christine Goldberg & Gudrun Schwibbe. Helsinki: Suomalainen Tiedeakatemia Academia Scientiarum Fennica, 2004.
- von Lenk zu Burgheim und Gansheim, Heinrich (ritstj.). *Griseldis auf Island*. Þýð. Heinrich von Lenk zu Burgheim und Gansheim. [Vínarborg]: [Án útgefanda], [1900 eða 1901].
- Zipes, Jack. *The Trials and Tribulations of Little Red Riding Hood. Versions of the Tale in Sociocultural Context*. Lundúinir: Heinemann, 1983.

ÁGRIP

Jón Árnason og Gríshildur góða: Um breytingar ritstjórans á frásögn konu af annarri konu

Efnisorð: Þjóðsögur, þjóðfræði, Gríshildar saga, Gríselda, Gríselda, Gríseldis, ritstýrðar útgáfur frumtexta, Boccaccio, Petrarca, Decamerone, Tíðagra, Volksbücher, folkebøger, almuðugabækur

Árið 1864 kom íslenska þjóðsagan *Sagan af Gríshildi góðu* í fyrsta sinn út á prenti í þjóðsagnasafni Jóns Árnasonar og Guðbrands Vigfússonar. Þjóðsagan á rætur í *Tíðagru (Decamerone)* Boccaccios frá u.þ.b. 1350 sem Petrarca endursamdi á latínu 1373 þannig að hún náði mikilli útbreiðslu um Evrópu næstu aldirnar. Til Íslands berst sagan í kringum 1600 og nær talsverðum vinsældum, enda eru til a.m.k. átján gerðir sögunnar, bæði í bundnu og lausu máli, varðveittar í 52 handritum, auk þess sem nokkrar hafa verið gefnar út á prenti.

Þegar þjóðsagnasafnið var endurútféið á sjötta áratug síðustu aldar birtust í því tvær Gríshildarþjóðsögur, annars vegar sú frá 1864 og hins vegar styttri, áður óútféin gerð í 5. bindi árið 1958. Við nánari athugun kemur í ljós að báðar byggja á sömu skrásetningu sögunnar, frásögn Ragnhildar Guðmundsdóttur á bl. 176r–78r í þjóðsagnahandriti Jóns, Lbs 533 4to. Útgáfan frá 1864 er í raun endursamning Jóns sjálfs á frásögninni, sem einnig er varðveitt í Lbs 533 4to bl. 220r–23r, en útgáfan frá 1958 er aftur á móti sagan eins og Ragnhildur hafði skrifað hana. Í greininni leitast höfundur við að greina og útskýra þær breytingar sem Jón gerir á sögunni, auk þess að kanna áhrif þjóðsögunnar á síðari bókmenntaverk.

Helstu niðurstöður rannsóknarinnar eru að breytingum Jóns megi skipta í þrjá aðalflokka. Í fyrsta lagi bætir hann við þar sem frásögn Ragnhildar er heldur stuttaraleg. Í öðru lagi breytir hann *til baka* að Boccaccio-/Petrarca-hefðinni sumu því sem aflagast hefur í munnmælum, t.a.m. barnafjölda titilpersónunnar úr þremur börnum í tvö, og fjarlægir hugsanlega tengsl við aðrar sagnahefðir þegar hann gerir kónginn Artus nafnlausan. Í þriðja lagi virðist hann undir svipuðum karlrembúáhrifum og evrópskir kollegar hans þegar hann eykur áhrif og völd kóngsins og annarra karlpersóna á kostnað kvenpersóna. Með breytingum sínum bjó Jón í raun til nýja gerð Gríshildarsögunnar og í rannsóknum á textatengslum og þróun verður því að líta á hana sem sjálfstæðan texta, óháðan frásögn Ragnhildar.

SUMMARY

Jón Árnason and Gríshildur the good: How the editor changed one woman's narrative about another woman

Keywords: Folktales, folklore, Gríselda story, The Patient Gríselda, Gríseldis, text editing, Boccaccio, Petrarch, The Decameron, Volksbücher, folkebøger, chap-books

In 1864, an Icelandic folktale, *Sagan af Grishildi góðu* (the Story of Grishildur the Good) was published in print for the first time, in Jón Árnason and Guðbrandur Vigfússon's folktale collection. The story, a version of the famous story of the Patient Griselda, has its roots in Boccaccio's *Decamerone* from c. 1350, which Petrarch rewrote in Latin in 1373, so that it became widespread in European literary circles during the next centuries. The story reaches Iceland c. 1600 and became relatively popular, as at least 18 different versions of the story exist in Icelandic, both in prose and verse, preserved in 52 manuscripts, in addition to the few that have been published in print.

When the folktale collection was republished in the 1950s, it included two Griselda folktales, the one from 1864, and also, a shorter, previously unpublished tale, which appeared in volume 5 in 1958. Upon a closer inspection, it turns out that both tales go back to the same handwritten tale in Jón Árnason's folktale manuscript, Lbs 533 4to, written by Ragnhildur Guðmundsdóttir (fol. 176r–78r). In fact, the 1864 edition is Jón Árnason's own rewriting of the tale (also preserved in Lbs 533 4to, fol. 220r–23r) while the one from 1958 presents Ragnhildur's *original* version. The article attempts to analyse and explain the changes Jón Árnason makes to Ragnhildur's story, in addition to present the folktale's influence on later literary works.

The main results of the study is that Jón mainly makes three types of changes. Firstly, he embellishes segments where Ragnhildur's narrative is short and without many details. Secondly, he changes *back* to the Boccaccio/Petrarch tradition some details which have been *spoiled* by orality, for instance, by returning the number of Griselda's children from the folktale traditional three, to Boccaccio/Petrarch's *original* two. Jón also removes connections to other narrative traditions, when he makes Ragnhildur's King Artus (Arthur) nameless. Thirdly, Jón seems to be influenced by the same misogyny as his contemporary colleagues in Europe, when he increases the power of the king and other male characters at the cost of female ones. With his changes, Jón actually created a new version of the Griselda story, so further research into the story's intertextuality and development must treat his version as an independent text, different from the one written by Ragnhildur.

Reynir Þór Eggertsson
PB 24 (Unionsgatan 40),
00014 University of Helsinki
reynir.eggertsson@helsinki.fi